

Sýnum hug okkar í verki og sniðgöngum Ísrael

Birtist í Morgunblaðinu 23.01.2009

Undanfarnar þrjár vikur höfum við fylgst með þjóðarmorðinu á Gaza í beinni. Þrátt fyrir fjarlægð hafa þessir atburðir á ýmsan hátt áhrif hér á landi. Þeim fjölgar sem ofbýður og vilja að gripið sé í taumana. Um allan heim safnast fólk saman til að mótmæla drápunum á Gaza og margir efast orðið um gildi Öryggisráðs SP og jafnvel tilgang Sameinuðu þjóðanna sjálfra, þegar Ísraelsher kemst enn eina ferðina upp með að vinna glæpsamleg óhæfuverk á óbreyttum borgurum á Gaza. Þessum fjölskyldum sem hafa helst það til sakar unnið að vera afkomendur Palestínnumanna sem hraktir voru með hervaldi frá landi sínu og lokaðir af í flóttamannabúðum, sem réttara væri að kalla fangabúðir eða jafnvel útrýmingarbúðir. Því þaðan kemst fólk þó hvorki lönd né strönd með börnin sín á meðan trylltir fangaverðirnir skjóta á allt sem hreyfist.

Enn sem komið er hafa fá ríki sýnt kjark og slitið stjórnmalasambandi við Ísrael. Það kemur ekki á óvart að það eru lönd sem þora að vera á öndverðum meiði við Bandaríkin. Hins vegar virðist borin von að Evrópulönd taki sjálfstæða afstöðu. Það er látið duga að harma ástandið, lýsa yfir þungum áhyggjum, hvetja til einhvers og í hæsta lagi fordæma. Hagsmunir Ísraela eru kannski ekki miklir á Íslandi – en það gæti haft einhver áhrif ef neytendur tækju sig saman og hættu að kaupa vörur frá Ísrael. Fyrirtæki ættu að hætta innflutningi frá Ísrael, kaupmenn að hætta að bjóða varning þaðan og neytendur að sýna hug sinn með því að hætta að kaupa vöruna. Þá er og full ástæða til að koma á framfæri þeim tilmælum til stjórnvalda að setja á viðskiptabann við landið þar til drápum á Gaza hefur verið hætt, vopnahléi komið á, ísraelsher hefur yfirgefið svæðið og aðstoð við eftirlifendur verður kominn í réttan farveg.

Hvernig förum við að? Það er hægt er að þekkja ísraelskar vörur á vörunúmeri, sem byrjar á 729 og er undir strikamarkinu á vörunni. Ísraelskar vörur sem almenningi býðst í verslunum hér á landi eru aðallega landbúnaðarvörur, ávextir og grænmeti t.d. avókadó, appelsínur, mandarínur og greipaldin. Svo þarf fólk að vara sig á vörum sem merktar eru „Palestinian Produce“ eða „Product of Palestine“ því það er að öllum líkindum framleiðsla ísraelskra landtökumanna á herteknu svæðunum en ekki Palestínnumanna. Léttvín frá Ísrael sem Ölgerðin Egill Skallagrímsson flytur inn er til sölu í Ríkinu.

Þetta er tiltölulega auðvelt að sniðganga en hins vegar er ýmis fjarskipta- og tæknibúnaður frá Ísrael fluttur inn til landsins árlega fyrir milljónir kóna. Nokkur fyrirtæki byggja fjarskiptakerfi sín að hluta til á búnaði frá Ísrael og hugbúnaður bókasafna er einnig að miklu leyti frá Ísrael.

Hvað um það oft veldur lítil þúfa þungu hlasi og frá og með deginum í dag ætla ég að sneiða hjá vörum sem fluttar eru inn frá Ísrael og reyndar Bandaríkjunum líka og skora á aðra að gera slíkt hið sama.

María Sigríður Gunnarsdóttir